


Leikskólinn Bjarkatún

Leikskólinn Bjarkatún er staðsettur á Djúpavogi. Í húsnæði leikskólans er gert ráð fyrir allt að 37 börnum frá eins árs aldri til sex ára. Leikskólinn er tveggja deilda með sameiginlegum sal og listakrók.

Gott útisvæði er fyrir börnin auk þess sem leikskólinn er staðsettur í mikilli

nálægð við ósnortna náttúru. Leikskólinn er Grænfánaskóli og vinnur að því að verða fyrsti Cittaslow leikskólinn á Íslandi.




Læsi

-Hvernig læsi birtist inná deildum leikskólans -

Í leikskólanum Bjarkatúni eru tvær deildir. Á krummadeild eru yngri börnin og á Krúdeild eru eldri börnin. Flutningur á milli deilda fer fram í kringum þiggja ára aldur barnanna.



Undirstaða læsis er góður málproski og vitund um tungumálið okkar og því leggjum við áherslu á það að rækta þessa þætti um leið og barnið byrjar í leikskólanum Bjarkatúni. Á Krummadeild er lögð mikil áhersla á það að lesa bækur fyrir börnin, syngja og fara með þulur og vísur. Söng- og samverustundir eru hluti af dagskipulagi leikskólans á báðum deildum. Málhæfni barna á þessum aldri er vissulega mismikil og þau eru að öðlast aukin þroska í tali og máli. Þess vegna er allt kapp lagt á að rækta orðaforða þeirra og kenna þeim ný orð, ásamt því að gefa þeim tækifæri til að prófa nýju orðin í samtölum. Orðaforði vex ekki að sjálfu sér heldur er hann háður þeirri málörvun sem börn fá frá umhverfi sínu. Það er þess vegna sem læsisstefna barnanna á Krummadeild miðast mikið út frá orðainnlögn í gegnum leik, söng og samtöl. Börnin fá tækifæri til að prófa þessi nýju orð og þannig byggja þau upp orðaforða og fá skilning á nýjum orðum. Góður orðaforði og góður málproski er mikilvægur fyrir allt síðara nám tengdu læsi í leikskólanum Bjarkatúni og það er þess vegna sem það skiptir öllu máli að byrja snemma



að leggja grunninn að honum. Unnið er markvisst með það hvernig orðainnlögnin fer fram og með hvaða hætti, bæði inná deild og í Lubbastarfinu.

Á Kríudeild er haldið áfram með innlögn í gegnum leik, söng og samtöl ásamt því að byrjað er að nota ákveðin efni til þess að auka skilning barnanna. Til dæmis eftirfarandi;

Orðaspjall: Orð sem koma upp í samtölum, umræðum eða við lestur bóka eru skráð og rædd um það hvað þau þýða og hver merkingin sé. Orðin eru hengd upp á vegg

Pulur og vísur: Kennar eru pulur og vísur markvisst í samverustundum á báðum deildum. Þá er sérstaklega farið í pulur og vísur sem tengjast líkamanum, litunum og dögnum á Krummadeild en á Kríudeild er líka farið í rím og fleira.


Sögugrunnur: Er námsefni sem þjálfar málþroska og læsi en einnig gott til að efla íslenskt mál hjá börnum. Á Kríudeild læra krakkarnir að segja sögu með Sögugrunninum. Krakkarnir fá að velja sér myndir og eiga síðan að segja sögu út frá þeim. Lögð er áhersla á að sagan sé með upphaf, miðju og endir.

Ljáðu mér eyra: Er efni sem byggir á spennandi verkefnum sem þjálfa hljóðkerfisvitund. Verkefni í bókinni eru í formi texta og myndefnis þar sem ákveðnir þættir eru þjálfaðir t.d. setningar, orð, hljóðgreining og rím.

Sýnileg orð á hlutum: Hlutir eru merktir inn á deild eins og t.d. skúffurnar þeirra með nafninu þeirra, kassinn með litunum merktur litir o.s.frv.

Stafir í mismunandi formi nýttir í leik. Foam há og lágstafir, segulstafir, leira stafi og orð.

Tjaldastarf: er fyrir elstu nemendur leikskólans og er undirbúningur fyrir grunnskólann. Þar er meðal annars farið yfir hvort barnið sé ekki örugglega búið að læra að draga rétt til stafs.



Læsi

-Uppbygging á skipulögðu hópstarfi í málörvun -

Málörvun er hugtak sem notað er í leikskólum þegar átt er við örvun og þjálfun allra þátta móðurmálsins svo sem tal, hlustun, orðaforða og málskilning, lestur og ritun. Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskólanna* frá árinu 2011 falla þessir þættir undir nú undir *læsi*. Í þessari umfjöllun hér að neðan er notast við heitin *málörvun* eða *læsi*.



Rauði práðurinn í öllum skipulögðum málörvunartímum í leikskólanum Bjarkatúni er hann Lubbi okkar. Þess vegna köllum við þetta starf *Lubbastarf*. Hann er bangsi sem börnin kynnast strax í hópstarfi þegar þau eru 2ja ára gömul og hann fylgir þeim alveg út leikskólagönguna. Börnin koma 1x í viku í Lubbastarfið og fylgjast jafnaldrar allir að í einum hóp. Við vinnum með bókina **Lubbi finnur málbein** en sú bók er hugsuð til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára. Höfundar bókarinnar, Þóra Másdóttir og Eyrún Ísfold Gísladóttir, eru talmeinafræðingar og hafa þær áralanga reynslu af talþjálfun barna. Efnið í bókinni stuðlar að auðugri orðaforða og ýtir undir skýrari framburð. Í bókinni er lögð rík áhersla á það að hverjum bókstaf fylgi málhljóð. Hvert málhljóð er tekið fyrir á síðu eða opnu. Hverju málhljóði fylgir ákveðin vísa og einnig stutt saga eftir Þórarin Eldjárn þar sem lögð er sérstök áhersla á hvert hljóð fyrir sig. Hvert málhljóð á sér ákveðið tákni en með því að tengja hljóðið við táknræna hreyfingu er auðveldara fyrir börnin að læra það og muna. Vísurnar sem fjalla um hljóðin eru skemmtilegar og auðvelt að læra þær utanbókar, þær eru sungnar við gömul og þekkt lög.





Ljáðu mér eyra er námsefni sem einnig er mikið notað í Lubbastarfinu okkar, bæði bókina og spilin. Meginmarkmið þessa kennsluefnisins er að styrkja hljóðkerfisvitund barna. Með hljóðkerfisvitund er átt við þann hæfileika að geta hugsað og talað um hljóðkerfi málsins. Börn verða að vita að málið hefur ákveðið form sem kallast *setningar*, *orð* og *hljóð*. Hljóðin eiga sér síðan fyrirmynd sem heita stafir. Spilin eru notuð markvisst samhliða aldri og getu barnanna en spilin þjálfa eftirfarandi þætti: *umskráningu, rím, samsett orð, hljóðaflokkun, hljóðgreining fyrsta hljóðs, hljóðgreining síðasta hljóðs og hljóðtengingu.*



Lærum og leikum með hljóðin er smáforrit (app) sem við notum í Lubbastarfinu. Það er frábært íslenskt forrit fyrir börn sem undirbýr þau fyrir lestrarnám, eykur orðaforða þeirra og hljóðmyndun.



Síðast en ekki síst er bókina **Spjalla og leikið** mikið notuð í Lubbastarfinu. Í henni eru hugmyndir og tillögur að leikjum til að styrkja og efla málþroskann fyrir börn frá tveggja ára aldri. Leikirnir henta öllum börnum, hvort sem þau hafa íslensku að móðurmáli eða eru tvítyngd og hvort sem þau eru fljót til máls eða sein til máls. Einnig höfðar hún til þeirra barna sem hafa röskun í máli.



Blái hópurinn

-krummarnir okkar-



Eldri börnin á Krummadeild, sem eru á aldrinum 2-3 ára, fara í Lubbastarf 1x í viku þar sem megin áhersla er lögð á það að þau kynnist Lubba bangsanum okkar og læri að hann eigi bók um stafina og að hverjum staf fylgi máhljóð og hreyfing. Við syngjum fyrir Lubba í tímunum, leikum við hann og gefum honum að borða. Málbeinin hans eru í mismunandi litum og með mismunandi áferð svo að þar eru börnin að læra litina, hvort að beinin séu mjúk eða hörð og mikil áhersla er lögð á að börnin læri að skiptast á og bíða á meðan hinir í hópnunum gefa Lubba að borða.

Græni hópurinn


-yngstu kríurnar okkar-



Þegar börnin verða 3ja ára fara þau yfir á Kríudeild. Í Lubbastarfinu hjá þessum aldurshóp byggjum við á þeirri færni sem börnin kunna nú þegar og nú tekur einnig við markviss efling hljóðkerfisvitundar og leikur með stafi og orð. Á þessu skólaári taka börnin fyrir stafina A-F eftir því hvernig Lubbaefnið leggur þá fram og vinna þau með hvern staf tvær vikur í röð.



Lubbastarfið er þannig uppbyggt að í fyrri vikunni vekjum við Lubba, því næst er upprifjun á stöfunum sem við erum búin að læra. Síðan syngjum við lagið um staf vikunnar og lesum söguna sem honum fylgir. Öll börnin finna síðan eina mynd á opnunni sem byrjar á bókstafnum. Notast er við Lubba hljóðsmiðju 1 og 2 til að kafa enn dýpra ofaní söguna. Í hljóðasmíðjunum eru spjöld með myndskreyttum örsögum ásamt fjölbreyttum verkefnum úr hverri sögu og á hverju spjaldi er einnig lögð áhersla á samstöfur og rím. Því næst merkjum við inná Íslandskort hvar Lubbi er staddur í sögunni en Lubbanámsefnið fræðir börnin á margvíslegan hátt um náttúru Íslands og staðhætti. Við rifjum einnig upp hvað hinir staðirnir á Íslandi heita sem Lubbi hefur heimsótt og hvar þeir eru. Síðan syngjum við saman íslenskulagið. Því næst er stafablað fyllt út þar sem passað er uppá að dregið sé rétt til stafs og að gripið hjá börnunum sé rétt. Í lok tímans fær Lubbi málbein að borða og síðan fer hann aftur í rúmið sitt.






Í næstu viku er unnið áfram með sama staf og máhljóð. Þá föndra börnin eitthvað sem tengist stafnum. Við höfum mikla trú á því að ef börnin föndra eitthvað sjónrænt sem tengist stafnum þá eiga þau miklu auðveldara með að kalla hann fram. Því næst skoðum við staf vikunnar í *Lærum og leikum með hljóðin* smáforritinu. Í lok tímans er svo unnið með mismunandi hljóðkerfispætti í gegnum leiki, spil eða verkefni á blöðum. Þeir hljóðkerfispættir sem þessi aldurshópur lærir eru: rím og samstöfur.



Hann fer einnig í sundurgreiningu í *Ljáðu mér eyra* námsefninu, þá bæði sundurgreiningu setninga í orð og sundurgreiningu orða í atkvæði/orðhluta.

Einnig er unnið markvisst að því að efla orðaforða þeirra með *Spjallað og leikið* námefninu. Samhliða allri safainnlögn sem talað var um hér að ofan hefst einnig eiginlegt nám í umskráningu í Lubbastarfinu á þessum aldri. Börnin eru að læra að hver stafur er tákn fyrir ákveðið máhljóð. Til að dýpka skilning þeirra á umskráningunni nýtum við *Ljáðu mér eyra* spilin sem heita *Umskráning* og einnig nýtum við *Hljóðaöskju Lubba nr. 3*. Þar sjá börnin á myndrænan hátt hvernig íslensku máhljóðin myndast út frá nákvæmri fyrirmynd um stöðu talfæranna og lýsingu á myndunarhætti með spjöldum með hljóðstöðu-myndum, séð frá hlið og að framan, ásamt skýringum á myndunarstað og eðli hljóðanna.

Þessi hópur fær að fara með Lubba í helgarheimsókn á haustönninni. Þá taka þau Lubba bangsann með heim, bókina hans, málbeinin og geisladiskinn með lögnum. Einnig fer með heim dagbók þar sem þau skrá niður hvað var gert skemmtilegt um helgina. Börnin kynna síðan fyrir deildinni hvað þau gerðu með Lubba og þannig erum við að æfa þau í framsögn og með þessum þætti gefst einnig gott tækifæri til að kynna Lubbastarfið fyrir foreldrunum.



Rauði hópurinn

-miðju kríurnar okkar-

Þessi hópur heldur áfram í stafainnlögn í Lubbastarfinu og þau læra stafina S-Ó og eftir skólaárið hafa þá þau farið í gegnum öll íslensku máhljóðin í Lubbabókinni. Einnig læra þau um *ei/ey* og *au*. Þau koma 1x í viku í Lubbastarfið í 45 mínútur í senn. Samskonar fyrirkomulag er á uppbygginu tímans í Lubbastarfinu eins og fjallað var um hjá græna hópnum.



Þeir þættir hljóðkerfisvitundar sem unnið er með hjá þessum hóp á haustönn eru: margræð orð, hljóðgreining fyrsta og síðasta hljóðs. Spilin frá *Ljáðu mér eyra* og bókin eru mestmegnis notuð í þeirri innlögn. Einnig vinnum við með orðaforðann sem hæfir þeirra aldri í *Spjallað og leikið* bókinni. Á vorönninni vinnum við með hljóðaflokkun, orðhlutaeyðing og samsett orð og einnig vinnum við með orða- og setningarmyndun sem hæfir þeirra aldri í *Spjallað og leikið* bókinni. Eins höldum við áfram að æfa samstöfur, rím og umskráningu.



Í lok skólaársins ættu börnin að hafa góðan skilning og þekkingu á þeim hljóðkerfisþáttum sem Hljóm skimunin mun kanna á síðasta leikskólaári þeirra. Skráð er niður samhliða allri hljóðkerfisþáttainnlögn hvernig gengur hjá hverju og einu barni á sérstök skráningarblöð. Þó að hópastarfinu sé formlega lokið í maí má gjarnan láta börnin æfa sig áfram á þessum þáttum fram á sumar og þau börn sem ekki eru að ná einhverjum þætti koma í sérkennslu til Hugrúnar þar sem unnið er markvisst með þann þátt.



Guli hópurinn

-elstu kríurnar okkar-

Á síðasta leikskólaári barnanna á leikskólanum Bjarkatúni ættu börnin að vera búin að læra alla íslensku bókstafina og máhljóðin þeirra. Einnig ættu þau að hafa góðan skilning og þekkingu á þeim hljóðkerfisþáttum sem Hljóm skimunin kannar en sú skimun er lögð fyrir þennan hóp á haustmánuðum. Ef einhver þeirra kemur út með slaka færni á einhverjum þætti eða þáttum Hljóms er unnið markvisst með þann þátt.



Þessi aldurshópur heldur áfram í Lubbastarf og kemur 1x í viku í 45 mínútur í senn. Nú er megináherslan lögð á að tengja sama máhljóðin sem þau kunna nú þegar.


Einnig er mikil áhersla lögð á eflingu hljóðavitundar þeirra og annarra þátta hljóðkerfisvitundar sem fela í sér undirstöðufærni fyrir lestrarnám. Jafnframt er lögð áhersla á hlustun, athygli, málskilning, orðaforða og samræður. Við nýtum einnig mjög mikið hljóðaöskju Lubba nr. 4 hjá þessum aldurshóp en þar er áherslan lögð á hljóðtengingu, brúarsmíð á milli stafs og hljóðs, lestur orða og einfaldra setninga ásamt ritun á grunni hljóðanáms.



Þessi aldurshópur vinnur mikið með bókstafina og eigum við í leikskólanum orðið góðan gagnagrunn af námsefni sem tengjast stöfum og skrift. Þessi aldurshópur lærir að para hástaf við lágstaf og einnig para þau Lubbamálbein með hástöfum við *íslensku bókstafirnir* spilin en á þeim eru lágstafirnir. Á þessum spilunum, *íslensku máhljóðin*, eru samhljóðin svört og sérhljóðin rauð þannig að börnin eru farin að gera sér grein fyrir því að það er munur á þessum hljóðum þó svo að við séum ekki að kenna þeim að þetta séu samhljóðar og sérhljóðar. Það er mjög gott fyrir málþroska barna að leggja áherslu á bókstafi og það er ávinningur fyrir þau að vinna með ritmáli samhliða öðrum þáttum áður en grunnskólanám hefst.




Þeir þættir hljóðkerfisvitundar sem unnið er með hjá þessum hóp á haustönn eru: Sundurgreining/að sundurgreina orð í hljóð og Hljóðtenging/að tengja saman hljóð í atkvæði/samstöfur og orð. Spilin frá *Ljáðu mér eyra* og bókin mestmegnis notuð í þeirri



innlögn og í lok þessarar annar hafa börnin farið í gegnum allt *Ljáðu mér eyra* námsefnið og kunna öll spilin sem hægt er að spila með *Ljáðu mér eyra* spilastokkunum.



Á vorönn vinnum við áfram með bókstafina, málhljóðin og hljóðatenginguna ásamt því að klára *Spjallað og leikið* bókina. Við vinnum með hljóðfræðina í þeirri bók til að efla hljóðavitund þeirra og styrkja framburðinn. Þessir leikir auka einnig einbeitningu og athygli þeirra. Markmið leikjanna er að vekja áhuga barnanna fyrir margbreytileika málsins og hljómfalli þess. Einnig vinnum við með hljóðagreiningu í sömu bók. Þar förum við í leiki sem örva hlustunarfærni barnanna og hljóðæftirtekt og markmið þeirra leikja er að beina athygli barnanna að hljómfalli og takti málsins. Við vinnum með heyrnarminnið þar sem athyglinni er beint að því að hlusta og muna og þessir leikir þjálfa í leiðinni boðskipti barnanna. Unnið er með málskilning þar sem áhersla er lögð á það að þau geti skilið og farið eftir munnlegum fyrirmælum og þau fara í leiki þar sem þau þurfa að nýta minni sitt og ímyndunarafli. Við einnig vinnum með tjáskipti og þar læra börnin að tengja réttar tilfinningar við aðstæður og að átta sig á staðsetningu út frá lýsingu. Markmið þessara leikja er að auðga hugmyndarflug og frásagnargleði barnanna.



Að lokum


Hafa ber í huga að öll börn í leikskóla eru á leið til læsis. En þau fara mishratt áfram og ná mislangt áleiðis áður en þau yfirgefa leikskólann sinn og hefja nám á nýju skólastigi.

Snemmtæk íhlutun: Mikilvægt er að vera vakandi fyrir frávikum í málþroska barna og bregðast strax við til að styrkja framfarir. Gripið er til snemmtækrar íhlutunar og leitað eftir stuðningi sérfræðinga þegar grunur vaknar um seinkaðan málþroska. Þessar kannanir fara öll börn í leikskólanum Bjarkatúni í ;

TRAS (Tidlig registrering af sprákuþvikling), er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Listinn er upprunalega kominn frá sérfræðingum við norskan háskóla og sérkennslustofnunum og er notkun hans nú orðin útbreidd á Norðurlöndum. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

EFI-2 við tökum öll börn í EFI 2 þegar þau hafa náð 3,4 ára aldri. EFI-2 er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Barn og kennari eiga rólega stund og skoða saman myndabók. Svör barnsins gefa vísbendingu um hvar það er statt í málþroskaferlinu. Þessi skimun kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins og tilgangurinn er að finna þau börn sem þurfa á stuðningi að halda. Með því að finna börn með málörðugleika er hægt að bæta úr með snemmtækri íhlutun. EFI-2 er eftir Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörgu Símonardóttir en þau eru öll talmeinafræðingar.

Hljóm 2 próf er lagt fyrir öll 5 ára börn í leikskólanum. Niðurstöður þessa prófs gefa vísbendingar um lestrarnám í grunnskóla. Prófið er lagt fyrir í október, ef fram koma vísbendingar um frávík þá er lagt til að foreldrar og leikskóli vinni með þá þætti og síðan er prófið lagt fyrir aftur í febrúar. Reynsla er komin á að fylgni er með niðurstöðum Hljóm2 prófs og lestrarnáms. Hljóm-2 er eftir Ingibjörgu Símonardóttur, talmeinafræðing, Jóhönnu Einarsdóttur, talmeinafræðing og Dr. Amalíu Björnsdóttur, dósent.



Leikskólinn Bjarkatún lítur á læsisstefnuna sem vinnuþlan og sem slíkt er það alltaf í vinnslu og uppfært eftir hvern vetur.

30. maí 2016, Djúpavogur

Hugrún Malmquist Jónsdóttir, sérkennari

Guðrún Sigríður Sigurðardóttir, Leikskólastjóri

